

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 30. janúar 1978

um sjöttu breytingu á tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli

(78/144/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni, sem heimilt er að nota í matvæli ⁽³⁾ með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 76/399/EBE ⁽⁴⁾, er sett fram sameiginleg skrá yfir litarefni.

Sýnt hefur verið fram á tæknilegt notagildi títaníumdíoxíðs (E 171), járnóxíðs og járnhydrosíðs (E 172) innan bandalagsins bæði fyrir yfirborðs- og massalítun.

Sá möguleiki er fyrir hendi að leyfa notkun fyrrnefndra efna innan bandalagsins með hliðsjón af nýjustu þekkingu í vísindum og á sviði eiturefnafræði.

Samkvæmt fyrsta þætti IX. kafla VII. viðauka við aðildarlögin er Danmörku, Írlandi og Breska konungsríkinu heimilt að láta ákvæði landslaga, sem heimila notkun tiltekinna litarefna í matvælum og þynni- og leysiefna fyrir litarefni, sem ekki eru í sameiginlegu skránni, halda gildi sínu til og með 31. desember 1977.

Ríbóflavín-5'-fosfat hefur við ákveðnar kringumstæður tæknilega kosti umfram ríbóflavín (E 101) en það efni er nú þegar í I. viðauka við tilskipun þessa.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 6, 9. 1. 1978, bls. 132.

⁽²⁾ Álitsgerð flutt 14. og 15. desember (sem ekki hefur enn birst í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 108, 26. 4. 1976, bls. 19.

Vísindarannsóknnum á nokkrum þessara efna er ekki lokið og þess vegna er ekki hægt að taka endanlega ákvörðun um hvort leyfa eigi notkun innan bandalagsins á efnunum skærblátt FCF, brúnt FK, súkkulaðiþrúnt HT, rautt 2G, ríbóflavín-5'-fosfat og gult 2G og efnunum til þess að þynna og leysa upp litarefni, sem skráð eru í aðildarlögunum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. gr. tilskipunar frá 23. október 1962 kemur eftirfarandi:

„2. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt, með undanþágu frá 1. gr., að leyfa notkun efna þeirra í matvælum sem skráð eru í II. viðauka.
2. Framkvæmdastjórnin endurskoðar undanþágur í 1. mgr. innan þriggja ára frá birtingu tilskipunar þessarar og leggur nauðsynlegar breytingartillögur fyrir ráðið.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við tilskipun frá 23. október 1962:

Undirliðir sem vísa til E 171 og E 172 skulu fluttir úr II. hluta í I. hluta og felldir inn á eftir E 163.

3. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun frá 23. október 1962 kemur eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

a) Litarefni fyrir massa- og yfirborðslitun:

Almennt heiti ⁽¹⁾	Schultz ⁽²⁾	CI ⁽²⁾	DFG ⁽²⁾	Efnaformúla eða lýsing
Skærblátt FCF	770	42 090	—	Dínatríumsalt 4,4-(N-etyl-p-súlfóbensýl- amínó)-fenýl-(2-súlfónífenýl)- metýlen)-(1-(N-etyl-N-súlfóbensýl 2,5-)sýklóhexadfenímín)
Brúnt FK	—	—	—	Blanda sem er einkum samsett úr dínatríumsalti 1,3-díamínó-4-(p- súlfó- fenýlasó) bensens og natríumsalti 2,4-díamínó-5-(p-súlfófenýlasó) tólúóls
Súkkulaðiþrúnt HT	—	20 285	—	Dínatríumsalt 4,4-[2,4-díhýdroxý-5 (hýdroxýmetýl)-m-fenýlen]bis (asó) dí-1-naftalínsúlfónsýru
Rautt 2G	40	18 050	—	Dínatríumsalt asetamínó-5 hýdroxí-4 (fenýlasó)-3 naftalín-2,7 dí-súlfónsýru
Ríbóflavín-5'-fosfat	—	—	—	Fosfatester ríbóflavíns
Gult 2G	—	18 965	—	Dínatríumsalt 1-(2,5-díklór-4-súlfófenýl-5- hýdroxý-3-metýl-4-p- súlfófenýlasópýrasóls

b) Efni til þess að þynna og leysa upp litarefni:

etylasetat
díetyleter
glýserólmónóasetat
glýseróldíasetat
glýseróltíasetat
ísóprópýlalkóhól
própýlenglýkól
ediksýra
natríumhýdroxíð
ammóníumhýdroxíð

⁽¹⁾ ⁽²⁾ sjá neðanmálsgreinar í I. viðauka.“

4. gr.

1., 2. og 3. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1978.

5. gr.

Aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að framfylgja tilskipun þessari innan árs frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. janúar 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

P. DALSGER

forseti.
